

Ár 2015, mánudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör lögreglustjóra

### I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996 með síðari breytingum eru lögregluembætti sjálfstæð undir stjórn lögreglustjóra í hverju umdæmi. Heyrir því undir kjararáð að ákveða lögreglustjórum laun.

### II.

Kjararáði barst bréf dagsett 19. desember 2014 frá innanríkisráðuneytinu. Í bréfinu segir að samkvæmt lögum nr. 50/2014 og 51/2014 hafi embætti sýslumanna og lögreglustjóra verið aðgreind og sameinuð á landsvísu þannig að úr hafi orðið níu embætti lögreglustjóra og níu embætti sýslumanna. Þrjú þessara embætta séu samkvæmt lögum óbreytt. Það séu embætti lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, lögreglustjórans á Suðurnesjum og sýslumannsins á Suðurnesjum. Önnur embætti taki breytingum. Með bréfinu fylgdi tafla yfir þau embætti sem mynda hin nýju og fjölda stöðugilda sem gert er ráð fyrir að verði til í nýjum embættum. Fram kemur að fjöldi stöðugilda byggist á þeim fjölda sem verið hafi hjá embættunum. Einnig fylgdi bréfinu mynd sem sýnir landfræðilega afmörkun umdæmanna. Í bréfinu kemur fram að í grunninn séu verkefni einstakra embætta sýslumanna annars vegar og einstakra embætta lögreglustjóra hins vegar þau sömu. Þá segir að þó grunnurinn sé sá sami séu embættin misstór, íbúafjöldi misjafn og landsvæði ólík og kalli á mismunandi hlutverk. Þá hafi embættin tekið að sér sérverkefni frá hinum ýmsu stofnunum og ráðuneytum sem séu ólík. Endurspeglit þessi munur meðal annars í fjárheimildum, en bréfi ráðuneytisins fylgdi tafla yfir fjárheimildir stofnananna. Að mati ráðuneytisins séu þetta sjónarmið sem horfa þurfi til við mat á launum sýslumanna og lögreglustjóra í hinum mismunandi embættum.

Með bréfi dagsettu 30. janúar 2015 var fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var lögreglustjórum með bréfum dagsettum sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 10. febrúar 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til þeirra breytinga sem orðið hafa á embættunum auk annarra viðmiðana við ákvörðun um launakjör lögreglustjóra.

Kjararáði bárust bréf frá öllum lögreglustjórum í febrúar 2015. Í bréfunum eru helstu verkefni lögreglustjóra rakin. Kemur meðal annars fram að lögreglustjórar fari með ákærvald, hafi yfirumsjón með rannsókn mála, útgáfu ákæra og saksókn mála. Þá beri þeir ábyrgð á samskiptum við dómstóla. Í sumum umdæmanna sé landamæravarsla og samskipti við hælisleitendur umfangsmikill þáttur starfsins. Lögreglustjórar stjórni einnig almannavörnum í héraði og beri ábyrgð á leit og björgun. Þeim þætti starfsins fylgi mikil vinna utan hefðbundins vinnutíma auk samskipta við íbúa og ýmis sjálfbóðaliðasamtök. Þá kemur fram að starfsumhverfi lögreglunnar sé flókið, embætti lögreglustjóra sé með starfsmenn í fullri vinnu allan sólarhringinn og lögreglumenn séu embættismenn. Þá hafi verið gerð sú breyting á lögreglulögum að skipunar- og setningarvald lögreglumanna sé nú hjá lögreglustjórum heima í héraði en ekki hjá ríkislögreglustjóra eins og áður. Í bréfum lögreglustjórana segir einnig að eðli starfseminnar krefjist þess að þeir sinni bakvöktum og séu til taks utan hefðbundins vinnutíma. Einnig kemur fram að lögreglustjórar verði að vera sjálfstæðir í störfum sínum og að launakjör þeirra þurfi að endurspeglja það.

Með bréfum dagsettum 24. mars 2015 fengu lögreglustjórar sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Svör bárust frá tveimur lögreglustjórum í apríl 2015.

### III.

Lögreglulögum nr. 90/1996 var breytt með lögum nr. 51/2014. Með breytingunum var lögregluumdæmum fækkað og þau stækkuð. Einnig voru embætti lögreglustjóra og sýslumanna aðskilin. Segir í frumvarpi því sem varð að ofangreindum lögum að með aðskilnaði yfirstjórnar lögreglu frá yfirstjórn sýslumannsembættanna verði lögregluembætti sjálfstæð undir stjórn lögreglustjóra með það að markmiði að efla lögregluna og gera hana betur í stakk búna til að sinna lögbundnum skyldum sínum.

Eftir áður nefnda breytingu skiptist landið í níu lögregluumdæmi. Með lögreglustjórn fara lögreglustjórar sem hér segir: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórinn á Vesturlandi, lögreglustjórinn á Vestfjörðum, lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra, lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, lögreglustjórinn á Austurlandi, lögreglustjórinn á Suðurlandi og lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum. Umdæmamörk lögregluembættanna skulu ákveðin með reglugerð sem innanríkisráðherra setur með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæmum og að höfðu samráði við lögreglustjóra, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Ráðherra ákveður einnig í reglugerð hvar aðalstöð lögreglustjóra skal staðsett og hvar lögreglustöðvar verða starfræktar, að höfðu samráði við lögreglustjóra. Lögreglustjóri ákveður hvaða starfsfólk hefur aðsetur á aðalstöð lögreglu annars vegar og á lögreglustöðvum hins vegar. Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Suðurnesjum er heimilt að skipa aðstoðarlögreglustjóra. Aðstoðarlögreglustjóri er staðgengill lögreglustjóra. Öðrum lögreglustjórum er heimilt að ákveða að starfsmaður embættisins sé staðgengill lögreglustjóra enda fullnægi hann skilyrðum laganna.

Innanríkisráðherra skipar lögreglustjóra til fimm ára í senn. Lögreglustjóri skal, auk almennra skilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins, hafa náð 30 ára aldri, vera íslenskur ríkisborgari, vera svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu, hafa hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningssáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjóri verður almennt að njóta. Þá skal hann hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- og meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

Lögreglustjóri skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn og aðra lögreglumenn til starfa innan embættis síns með sama hætti til fimm ára í senn að fenginni umsögn hæfnisnefndar.

Hlutverk lögreglu er skilgreint í lögreglulögum. Má þar helst nefna hlutverk hennar við að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Þá skal lögreglan stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um sakamál eða öðrum lögum. Hlutverk lögreglu er einnig að greiða götu borgaranna eftir því sem við á, aðstoða þá þegar hætta steðjar að og veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæminu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannaþjónu gilda sérstök lög. Innanríkisráðherra setur reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita.

Samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála eru ákærendur ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum. Lögreglan skal aðstoða ákærvaldið við störf þess. Þá skulu lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þess aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.

Eins og fram hefur komið annast lögreglan rannsókn brota í samráði við ákærendur. Brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin. Ráðherra setur nánari reglur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara um hvernig stjórn rannsóknar skuli háttað, hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn

ríkislögreglustjóra og um rannsóknaraðstoð. Ráðherra setur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara nánari reglur um stjórn lögreglurannsóknna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála. Mæli sérstakar ástæður með því er ráðherra heimilt að tillögu ríkissaksóknara að kveða á um að rannsókn tiltekinna brotaflokkna í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra og í Vestmannaeyjum verði rannsökuð í öðru umdæmi.

Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknnum, samanburðarrannsóknnum og öðrum slíkum rannsóknnum og varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.

Í hverju lögregluumdæmi skulu starfa ein eða fleiri samstarfsnefndir um málefni lögreglunnar. Í samstarfsnefnd skulu sitja lögreglustjóri viðkomandi lögregluumdæmis, sem jafnframt er formaður hennar, og sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu eða eru á því svæði þar sem nefndin starfar. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu. Hún gerir meðal annars tillögur um úrbætur í málefnum sem varða löggæslu í umdæmi hennar og beitir sér fyrir því að almenningi verði kynnt starfsemi lögreglunnar.

Í lögum um almannavarnir nr. 82/2008 segir að í hverju sveitarfélagi starfi almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður sveitarstjórnin fjölda nefndarmanna. Almennavarnanefnd skal skipuð lögreglustjóra þess umdæmis sem sveitarfélagið er í, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Almennavarnanefndir móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lögin. Í umdæmum sínum vinna almannavarnanefndir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands og hlutaðeigandi viðbragðsaðila, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Í stjórn aðgerða felst meðal annars skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er og tilkynnir innanríkisráðherra.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögreglunnar hver í sínu umdæmi. Lögreglan hefur með höndum löggæslu og er hlutverk hennar einkum að gæta almannaöryggis, halda uppi lögum og reglu og tryggja eftir föngum réttaröryggi borgaranna. Þá skal lögreglan stemma stigu við afbrotum, vinna að uppljóstran þeirra og stöðva ólögmetta háttsemi. Hlutverk lögreglu er einnig að greiða götu borgaranna og aðstoða þá þegar hætta steðjar að, veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og halda uppi almannafríði og allsherjarreglu. Lögreglustjórar annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæminu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Þannig eru verkefni lögreglustjóra í grunninn þau sömu óháð umdæmi og hæfniskröfur þær sömu.

Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað sérstaklega um laun lögreglustjóra, enda var lögreglustjórn á hendi sýslumanna fram til 31. desember 2014, að undanskildu umdæmi höfuðborgarsvæðisins og umdæmi Suðurnesja, en heyrir hefur undir kjararáð að ákveða þeim laun. Í kjölfar breytinga á lögreglulögum sem tóku gildi 1. janúar 2015 eru sett á fót ný sjálfstæð embætti lögreglustjóra og þau aðskilin frá sýslumannsembættum. Með breytingunum er lögregluumdæmum fækkað og þau í flestum tilvikum stækkuð frá því sem áður var.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör lögreglustjóra skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2015 skulu mánaðarlaun lögreglustjóra, annarra en lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 817.398 krónur. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 138, nú 873.942 krónur.

Að auki skal greiða lögreglustjórum, öðrum en lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum skal greiða 38 einingar á mánuði og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu skal greiða 60 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör lögreglustjóra gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber